



Nefndasvið Alþingis, allsherjar- og menntamálanefnd
Kristín Einarsdóttir, nefndarritari
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 25. október 2013
Tilvísun: 201310-0088

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um Neytendastofu og talsmann neytenda

Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis hefur nú til meðferðar frumvarp til laga um breytingu á lögum um Neytendastofu og talsmann neytenda, nr. 62/2005, með síðari breytingum. Fram kemur í athugasemdum frumvarpsins að framlagning þess sé liður í endurskipulagningu neytendamála og í samræmi við tillögur starfshóps innanríkisráðherra frá árinu 2012. Í tilefni af því vill Mannvirkjastofnun vekja athygli á þeim þætti neytenda- og öryggismála sem stofnunin sinnir, tengslum þeirra verkefna við verkefni Neytendastofu og því svigrúmi sem Mannvirkjastofnun telur vera til frekari einföldunar og hagræðingar á þessu sviði.

Mannvirkjastofnun hefur eftirlit með framkvæmd laga um mannvirki, nr. 160/2010, laga um brunavarnir, nr. 75/2000, og laga um öryggi raforkuvirkja, neysluveitna og raffanga, nr. 146/1996. Sameiginleg markmið þessarar löggjafar er að tryggja öryggi og hollustuhætti mannvirkja og vernda notendur þeirra. Þannig tengist löggjöfin náið neytendamálum og neytendavernd, t.d. í tengslum við gæði íbúðarhúsnæðis. Einnig fellur undir löggjöfina ýmis tæknileg vara hefur sem bein áhrif á öryggi mannvirkja en getur einnig talist til neytendavöru, s.s. byggingarvörur, rafföng og vörur sem hafa áhrif á brunaöryggi. Vörur þessar lúta sameiginlegum evrópskum reglum og annast Mannvirkjastofnun markaðseftirlit með þeim á grundvelli framangreindrar löggjafar. Þar sem um mjög sérhæfða og tæknilega vöru er að ræða nýtist vel við eftirlitið sú tækniþekking sem til staðar er hjá stofnuninni.

Með lögum nr. 29/2009 var forræði rafmagnsöryggismála flutt frá viðskiptaráðuneyti til umhverfisráðuneytis og dagleg umsjón málaflokksins frá Neytendastofu til Brunamálastofnunar (nú Mannvirkjastofnunar). Allir starfsmenn sem rafmagnsöryggismálum sinntu sem og allir hagsmunaaðilar á rafmagnssviði voru hlyntir þessum flutningi enda féllu rafmagnsöryggismálin mun betur að starfsemi Mannvirkjastofnunar en öðrum verkefnum Neytendastofu. Þekking á rafmagnsöryggismálum og þ.m.t. á markaðseftirliti raffanga fluttist til Mannvirkjastofnunar. Svo óheppilega vildi til að við fyrrgreindan flutning var ákveðið að skilja lítinn hluta markaðseftirlits raffanga eftir hjá Neytendastofu, þrátt fyrir mótmæli hagsmunaaðila. Nánar tiltekið var ákveðið að Neytendastofa framkvæmdi eftirlit með rafföngum sem ekki væru varanlega tengd mannvirkjum en eftirlit með rafmagnsöryggi almennt og markaðseftirlit með rafföngum að öðru leyti væri hjá Mannvirkjastofnun. Aðskilnaður milli eftirlits með rafföngum eftir því hvort þau eru varanlega tengd mannvirkjum eða ekki á sér enga hliðstæðu í öðrum löndum og leiðir af sér mörg álitæfni og



vaðamál, auk þess sem það er óhagkvæmt að skipta eftirliti með sama öryggisþætti milli tveggja stofnanna. Þannig heyrir eldavél undir eftirlit Mannvirkjastofnunar en brauðrist undir Neytendastofu. Ljós sem fest er í loft heyrir undir eftirlit Mannvirkjastofnunar en ljós sem tengt er við rafmagn um hefðbundna innstungu heyrir undir eftirlit Neytendastofu. Rafföng koma við sögu í nær öllum þáttum rafmagnsöryggis og því er það álit Mannvirkjastofnunar að markaðseftirlit með öllum rafföngum eigi heima með öðrum rafmagnsöryggismálum þar sem fagleg þekking er til staðar. Telur stofnunin að markaðseftirlit með rafföngum verði ekki stundað án sérfræðiþekkingar á rafmagnssviði og á rafmagnsöryggi.


Að mati Mannvirkjastofnunar var það ákaflega jákvætt skref að færa rafmagnsöryggismálin til stofnunarinnar og sameina þannig undir eina stofnun öll öryggismál mannvirkja. Reynslan hefur hins vegar sýnt að aðskilnaður markaðseftirlits með rafföngum, að hluta til, frá öðrum rafmagnsöryggismálum hefur leitt til tvíverknaðar og óskilvirkara eftirlits, m.a. m.t.t. reglugerða- og staðlavinnu, gerðar kynningar- og fræðsluefnis, framkvæmdar átaksverkefna og annarra eftirlitsverkefna, eftirlits með rafföngum í notkun (gamalla raffanga) auk rannsókna á brunum, tjónum og slysum vegna rafmagns. Þannig hefur eftirlit með rafföngum að þessu leyti orðið óskilvirkara, kostnaðarsamara fyrir ríkið og meira íþyngjandi fyrir söluaðila en áður var.

Stofnunin vekur athygli á að árið 2006 fól viðskiptaráðuneytið óháðum aðila, ParX, að gera úttekt á fyrirkomulagi rafmagnsöryggismála m.t.t. mögulegs hlutverks nýrrar stofnunar, þ.e. Mannvirkjastofnunar. Var það niðurstaða úttektarinnar að sterk rök væru fyrir því að fela einni stofnun, Mannvirkjastofnun, umsjón alls málaflokksins. Einnig má benda á úttekt þriggja stofnana Háskóla Íslands, Félagsvísindastofnunar, Hagfræðistofnunar og Lagastofnunar, á stöðu neytendamála á Íslandi sem kynnt var árið 2007. Þar var m.a. lagt til að verkefni sem mælifræðisvið og öryggisvið (rafmagnsöryggisvið) Neytendastofu annaðist verði ekki á forræði stofnunar sem sinnir neytendamálum. Þar var lagt til að málefni á sviði neytendaréttar og verkefni talsmanns neytenda yrðu færð inn í nýja neytendastofnun.

Með vísan til þess sem hér er að framan rakið leggur Mannvirkjastofnun til að allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis skoði hvort rétt sé að gera þær breytingar á frumvarpi því sem nú liggur fyrir nefndinni að sá hluti markaðseftirlits raffanga sem enn er hjá Neytendastofu verði fluttur til Mannvirkjastofnunar, sbr. 2. gr. laga um Neytendastofu og talsmann neytenda. Samhliða hefur stofnunin óskað eftir því við umhverfis- og auðlindaráðuneytið að málið verði tekið upp við innanríkisráðuneytið.

Með breytingum þessum yrðu öll rafmagnsöryggismál á einni hendi eins og verið hefur áratugum saman hér á landi og á öllum Norðurlöndunum, enda málaflokkurinn ein samofin kerfisheild. Með því yrði rafmagnsöryggi í landinu betur tryggt, söluaðilum ekki íþyngt að óþörfu, kostnaður hins opinbera lækkaður og sérfræðiþekking og reynsla nýttist betur. Slík breyting væri í takt við markmið um einfalda og skilvirka stjórnsýslu, auk þess sem hún félli að ákvæðum laga um opinberar eftirlitsreglur hvað mat á kostnaði varðar.

Virðingarfyllt
f.h. Mannvirkjastofnunar


Ingibjörg Halldórsdóttir
lögfræðingur